

## EFTIRLITSSKÝRSLA nr. 8

Sérstakt eftirlit sbr. 76. gr. laga nr. 60/2013

Dagsetning eftirlits: 2/9-5/9 '19

Nafn fyrirtækis: Landsnet hf.

Framkvæmdasvæði: Kröflulína 3

Tengiliður fyrirtækis: Bjarni Jónsson

UST201910-178/10.05.04

Ábyrgðarmaður eftirlits: Björn Stefánsson

Tilgangur eftirlits: Staðsetning slóða með það fyrir augum að draga úr umhverfisáhrifum og eftirlit með umgengni og frágangi.


**Ábendingar: Svæði 1.** Farið yfir leið frá mastri 71 að mastri 87 í Fjallagjá. Ítrekað að ekki verði hreyft við eystri vegg gjárinna. Skoðuð leið niður í gjána um skarð í gjánni að vestanverðu norðan við mastur 84. Talið að best væri að fara um botn gjárinna að línunni milli mastra 84 og 85 og fara þaðan milli línanna að mastri 87. Farin verði í grófum dráttum sama leið og sýnd er í gögnum að því undanskildu að vikið er frá Kröflulínu við mastur 84 í stað þess að fara milli mastra 81 og 82.

**Svæði 2.** Sett út leið frá mastri 246 að mastri 251 austan við Kringilsá. Ný aðalleið stikuð frá hliðarslóð að mastri 247 að Kringilsá þar sem reynt er að þræða mela að ræsi í Kringilsá. Eldri slóð á þessum kafla verður ekki notuð við framkvæmdina, nema ef væri stuttur kafli frá námu 22. Hugaða að öðrum skeringum. Skoðuð að koma að möstrum 252-257 þar sem ráðgert er að fara frá núverandi slóð. Ef reynt verður að fækka hliðarslóðum að línunni ætti að huga að því hvort aðalleið væri betur sett neðan núverandi slóðar þar sem minni hæðarmunur væri frá vegi að línunni. Aðalsteinn mun viðra þessa hugmynd við landeigendur. Komið á framfæri ábendingu frá landeigendum á Hákonarstöðum að grjótverja bakka við ræsi í Botnalæk til að draga úr hættu á rofi.

Frávik: Engin.

Niðurstaða eftirlits: Skoðaðar mögulegar leiðir á svæðum 1 og 2.

18. október 2019, Björn Stefánsson



f.h. Umhverfisstofnunar

Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í náttúruverndarlögum eða mati á umhverfisáhrifum.  
Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á sem ekki telst frávik.